

## 5. ÞING KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

6. til 8. apríl 2011

Grand hótél Reykjavík

### Miðvikudagur 6. apríl

Kl. 13:00 Lúðrasveit verkalýðsins leikur nokkur lög.

Kl. 13:30 **Setning**  
**Eiríkur Jónsson formaður KÍ ávarpaði þingið.**  
Hann reifaði lauslega málin frá síðasta þingi, stöðu ýmissa mála og viðbrögð þjóðar og stjórnmalamanna við þeim atburðum sem þar áttu sér stað.

**Ávörp gesta**  
**Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.**  
Þakkaði fráfarandi formanni og varaformanni góða samvinnu undanfarinna ára. Steingrímur kom inn á þær breytingar sem hafa orðið frá síðasta þingi og varnaði að hlutirnir færu nú að síga upp á við.

**Halldór Halldórsson formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.**  
Halldór ræddi kreppuna og áhrif hennar á skólastarfið.

**Guðlaug Kristjánsdóttir formaður Bandalags háskólamála.**  
Guðlaug hvatti sveitarstjórnarmenn til að huga að breyttri bókhaldshugsun, fjárfesta í námi, þekkingu og kennslu. Ekki bara í steinsteypu.

**Anders Rusk framkvæmdastjóri NLS.**  
Anders Rusk þakkaði fráfarandi formanni og varaformanni gott og ánægjulegt samstarf á vegum norrænu kennarasamtakanna.

**Rannsókn á viðbrögðum stjórnvalda í Finnlandi við kreppunni 1991.**  
Í skýrslunni koma fram ýmsar ábendingar og tillögur um hvaða lærdóm Íslendingar geti dregið af reynslu Finna. Arnar Jónsson og Arnar Pálsson ráðgjafar hjá Capacent kynna niðurstöður rannsóknar sem unnin var fyrir KÍ.

**Tónlistaratriði Nemendur frá Hafralækjaskóla fluttu nokkur lög.**

Kl. 15:00 Kaffihlé.

Kl. 15:30 **Kosning þingforseta og ritara.**  
Eiríkur Jónsson tilnefndi Björk Óttarsdóttir FL sem 1. þingforseta og Guðbjörn Björgólfsson FF sem 2. þingforseta. Þau voru einróma samþykkt.

Þingforsetar tóku við stjórn fundarins.

Björk Óttarsdóttir tilnefndi Magnús J. Magnússon FSI sem 1. varaþingforseta og Ólaf E. Lárússon FG sem 2. varaþingforseta. Hún tilnefndi Brynju Áslaugu Sigurðardóttur FG sem 1. fundarritara og Sverri Jörstad Sverrisson FL sem 2. þingritara. Varaþingritarar voru tilnefndir Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir FL 1. varaþingritari og Helga Sighvatsdóttir FT 2. varaþingritari. Engar athugasemdir voru gerðar og töldust þau rétt kjörin.



**Kynning dagskrár.**

Björk Óttarsdóttir fundarstjóri fór yfir fyrirliggjandi dagsskrá um leið og farið var yfir nokkrar tilkynningar vegna framboðsfresta til trúnaðarstarfa fyrir KÍ. Því næst var gengið til dagskrár.

**1. Skýrsla stjórnar og reikningar**

**1. Skýrsla stjórnar KÍ**

Eiríkur Jónsson lagði fram skýrslu stjórnar. Hann benti á nokkur atriði eins og lífeyrismál, félagsgjöld og orlofsmál. Að því loknu bauð hann upp á umræður.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson. Hann hvetur KÍ til áframhaldandi þátttöku við hjálparstarf og að KÍ beiti sér fyrir því að framlög til kennslu í list- og verkgreinum verði stóraukið.

**2. Skýrsla gjaldkera KÍ og endurskoðaðir reikningar lagðir fram til afgreiðslu**

Hannes Þorsteinsson fór yfir helstu atriði í skýrslu Félagssjóðs KÍ. Hann benti meðal annars á að félagsgjöld hafa lækkað vegna frestun greiðsla í Vinnudeilusjóð, en að framlög til aðildarfélaga hækka vegna stofnunar FSL. Launaliður hefur hækkað vegna ráðningu hagfræðings og aukinnar greiðslna í lífeyrissjóð.

**3. Reikningar Orlofssjóðs**

Jón Ingi Einarsson lagði reikninga Orlofssjóðs fram. Gerði grein fyrir að í möppu þingfulltrúa væru ný gögn sem hann gerði grein fyrir.

**4. Reikningar Vinnudeilusjóðs**

Guðni Óskarsson lagði fram reikninga Vinnudeilusjóðs. Hann vakti athygli á að greiðslum félagsmanna í Vinnudeilusjóð hefðu verið frestað og því hefðu félagsgreiðslur lækkað um 0,45%.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson. Hann vill halda áfram að greiða í Vinnudeilusjóð þar sem laun okkar hafi lækkað verulega og við þurfum að geta barist fyrir betri kjörum með sterkan Vinnudeilusjóð að baki.

**5. Reikningar Sjúkrasjóðs**

Kristín Stefánsdóttir lagði fram reikninga Sjúkrasjóðs. Breytingar á rekstrartekjum sjóðsins eru vegna þess að % hlutfall aðildarfélaga annarra en FG og SÍ hefur hækkað. Greiðslur vegna fæðingarorlofa færðust til KÍ.

Björk Óttarsdóttir sagði að afgreiðslu reikninga yrði frestað til morguns og því yrði hægt að ræða þessi mál þá. Þingforseti ítrekaði við þá sem komu inn sem varamenn að láta þingforseta vita nafn sitt og númer þess sem þeir komu inn fyrir.

**2. Kynning á tillögu uppstillingarnefndar**

Stefán Andrésson kynnti tvær tillögur í embætti KÍ til viðbótar sendum fundargögnum. Margrét Guðbrandssóttir FG sem aðalmaður í stjórn Sjúkrasjóðs og Ingibergur Elísson FF sem formaður í Vinnudeilusjóð.

Guðbjörn Björgólfsson fundarstjóri gerði grein fyrir kosningarfyrirkomulagi, framboðsfresti og hvenær kosningar færu fram. Hann fór yfir málaflokka og vinnutilhögun í þeim, ásamt þeim tíma sem nefndirnar hafa til vinnu. Fyrsti maður í hverri nefnd er formaður og annar er ritari.

### 3. Kynning málaflokka, nýjar tillögur, breytingartillögur og málum vísað í nefndir Lagabreytingar

Eiríkur Jónsson lagði fram eftirfarandi tillögur og vísaði þeim í Laganefnd.

- 1-1.1 Tillaga um breytingar á lögum KÍ.
- 1-1.1a Greinargerð með lagabreytingartillögum.
- 1-2.1 Tillaga um millipinganevnd vegna endurskoðunar laga KÍ.

#### Fjármál

Hannes Þorsteinsson lagði fram eftirfarandi tillögur og vísaði þeim í Fjárhagsnefnd.

- 2-1.1 Fjárhagsáætlun.
- 2-1.1a Skýringar með fjárhagsáætlun.

Eiríkur Jónsson lagði fram eftirfarandi tillögur og vísaði þeim í Fjárhagsnefnd.

- 2-2.1 Tillaga um gjald í Vinnudeilusjóð KÍ.
- 2-3.1 Tillaga um félagsgjald.

Eftirfarandi reikningar höfðu verið lagðir fram sjá hér að framan.

- 2-4.1 Ársreikningur félagssjóðs KÍ 2010 (Hannes Þorsteinsson).
- 2-5.1 Ársreikningur Orlofssjóðs KÍ 2010 (Jón Ingi Einarsson).
- 2-6.1 Ársreikningur Sjúkrasjóðs KÍ 2010 (Kristín Stefánsdóttir).
- 2-7.1 Ársreikningur Vinnudeilusjóðs KÍ 2010 (Guðni S Óskarsson).

#### Kjara og réttindamál

Þórður Á. Hjaltsted mælti fyrir þessari tillögu og vísaði henni í Launa- og kjaramálanefnd.

- 4-1.1 Kjarastefna KÍ 2011-2014.

Þórður Á. Hjaltsted mælti fyrir þessari tillögu og vísaði henni í Launa- og kjaramálanefnd.

- 4-2.1 Tillaga að ályktun um kjaramál.

Ingibjörg Kristleifsdóttir mælti fyrir þessari og vísaði henni í Launa- og kjaramálanefnd.

- 4-3.1 Tillaga að ályktun um stöðu samningamála.

Eiríkur Jónsson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði þeim í Réttindanefnd.

- 4-4.1 Tillaga að ályktun um lífeyrismál.
- 4-5.1 Tillaga að ályktun um Starfsendurhæfingarsjóð.

#### Skólamál

Þórður Á. Hjaltsted mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Skólamálanefnd.

- 5-1.1 Tillaga að skólastefnu KÍ 2011-2014.
- 5-1.1a Fylgibréf með tillögu að skólastefnu KÍ 2011-2014.

Þórður Á. Hjaltsted mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Skólamálanefnd.

- 5-2.1 Tillaga að ályktun um nýja kennaramenntun og kennarastarfið.
  - 5-3.1 Tillaga að ályktun um starfsþjálfun í námi kennaranema.
  - 5-4.1 Tillaga að ályktun um símenntun.
  - 5-5.1 Tillaga að ályktun um námsorlof og rannsóknir.
  - 5-6.1 Tillaga að ályktun gegn niðurskurði í skólakerfinu.
  - 5-7.1 Tillaga að ályktun um samstarf KÍ við kennaramenntunarstofnanir.
  - 5-8.1 Tillaga að ályktun um þátttöku Íslands í erlendum menntarannsóknnum og eflingu menntarannsóknna hérlandis.
  - 5-9.1 Tillaga að ályktun um skólastjórnendur og sameiningu skólastofnana.
- Fylgiskjal með stjörnumerktum tillögum í kafla 5.



### **Innra starf**

Björk Óttarsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Jafnréttisnefnd.

- 6-1.1 Jafnréttisstefna KÍ.
- 6-2.1 Tillaga um gerð jafnréttisáætlunar KÍ.
- 6-2.1a Drög að jafnréttisáætlun KÍ.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson lýsti stuðningi við tillöguna.

Þórður Á. Hjaltsted mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Allsherjarnefnd.

- 6-3.1 Tillaga um þjónustustefnu KÍ.
- 6-4.1 Tillaga um húsnæðismál.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson. Hann varar við vexti skrifræðis sem kostar meiri mannskap og stærra húsnæði.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason kvartar yfir fundarsköpum. Hann vill vita frá hvaða aðildarfélagi frambjóðendur eru sem bjóða sig fram til trúnaðarstafa fyrir KÍ. Hann er á móti tillögu þingfulltrúa 14 um að hefja aftur greiðslur í Vinnudeilusjóð. Að lokum leggur hann til að selja sumarhús Orlofssjóðs.

Þingforseti bendir á að upplýsingar um frambjóðendur séu í þinggögnum.

Þingfulltrúi 145 Marta Dögg Sigurðardóttir bendir á ósamræmi á milli fjölda félagsmanna í hverju aðildarfélagi og frambjóenda. Hún leggur til að tekið verði mið af stærð aðildarfélag þegar tilnefnt er í nefndir innan KÍ og jafnræðis sé gætt.

Þingfulltrúi 16 Guðmundur Björgvin Gylfason bendir á að þjónustustefna KÍ sé unnin í góðu samstarfi við félagsmenn og sjóði KÍ.

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson svarar þingfulltrúa 123 og ítrekar að launamenn hafi aldrei náð neinum kjarabótum nema með baráttu og því þurfi að styrkja Vinnudeilusjóð.

Jón Ingi Einarsson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Orlofs- og ferðamálanefnd.

- 6-5.1 Tillögur stjórnar Orlofssjóðs.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 201 Inga Línal Finnbogadóttir hvetur fundarmenn til að samþykkja tillögu um að allir félagsmenn greiði sömu prósentutölu í Orlofssjóð. Til vara að félagsmenn FL og FSL fái tvöfalda punkta þar sem þeir greiða hærri prósentu í sjóðinn.

Atli Harðarson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Jafnréttisnefnd, Vinnu- og umhverfisnefnd og nefnd um Siðaráð og siðareglur.

- 6-6.1 Tillaga frá Jafnréttisnefnd, Siðaráði og Vinnuumhverfisnefnd um áskorun til Ríkis og sveitarfélaga um viðbrögð við einelti á vinnustöðum.

Atli Harðarson mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í nefnd um Siðaráð og siðareglur.

- 6-7.1 Tillaga siðaráðs KÍ um áherslur næstu misseri.
- 6-8.1 Tillaga siðaráðs KÍ um breytingar á siðareglum kennara.

Marta D. Sigurðardóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Útgáfunefnd.

- 6-9.1 Tillaga um útgáfumál.

Til máls tók:

---



Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson telur mikilvægt að KÍ hafi góðan málsvara í formi blaðaútgáfu. Hann spyr hvernig félög eins og Bændafélagið hafi efni á slíkri útgáfu.

Marta D. Sigurðardóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Fræðslu- og félagmálanefnd.

6-10.1 Tillaga um upplýsinga- og kynningarmál.

Marta D. Sigurðardóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Útgáfuneftnd.

6-11.1 Ályktun um hagræðingu í útgáfumálum.

Þórður Á. Hjaltested mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Allsherjarneftnd.

6-12.1 Stefna KÍ um erlent samstarf.

6-13.1 Stefna KÍ um stuðning við þróunarstarf.

Aðalheiður Steingrímsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Fræðslu- og félagmálanefnd.

6-14.1 Tillaga um eflingu samstarfs aðildarfélaga KÍ.

Sesselja G. Sigurðardóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Vinnuumhverfisneftnd.

6-15.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisneftnd um áframhaldandi starf.

6-16.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisneftnd um endurskoðaða stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 60 Elín Guðfinna Thorarensen fagnar tillögu um Vinnuumhverfisneftnd þar sem kennarar starfi oft í ofbeldisfullu umhverfi.

Þormóður Logi Björnsson mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Útgáfuneftnd.

6-17.1 Tillaga um útgáfu Skólavörðunnar.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 123 Sigurður Hauku Gíslason tekur heilhugar undir tillöguna.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir bendir á að þessar breytingar eru þegar komnar í framkvæmd.

### **Félagsmál**

Aðalheiður Steingrímsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Allsherjarneftnd.

7-1.1 Tillaga um könnun á starfsaðstæðum trúnaðarmanna KÍ.

Aðalheiður Steingrímsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim í Fræðslu- og félagmálanefnd.

7-2.1 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn KÍ.\*

7-3.1 Tillaga um almenna fræðslufundi fyrir félagsmenn KÍ.\*

Fylgiskjal með stjörnumerktum tillögum í köflum 6 og 7.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 165 Hjördís Hrund Ingvadóttir hefur áhyggjur af því að trúnaðarmenn og tengiliðir hafi ekki sama rétt og bendir á að það þurfi að fækka fjölda félagsmanna á bak við hvern trúnaðarmann.

Sesselja G. Sigurðardóttir starfsmaður KÍ bendir á að fjöldi félagsmanna á bak við hvern trúnaðarmann sé bundið í landslög og því ekki hægt að breyta því hér.

Sesselja G. Sigurðardóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Vinnuumhverfisneftnd og fjárhagsneftnd.

7-4.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisneftnd um handleiðslu.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 48 Ásdís Ólafsdóttir bendir á að gönguferðir geti gert fólki sama gagn og handleiðsla.



5. þing KÍ 6. til 8. apríl 2011

---

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson telur handleiðslu mjög mikilvæga á tímum eins og núna þegar alls staðar er sótt að okkur. Hann bendir á að hægt væri að fækka bírókrötum til að fjármagna handleiðsluna.

Þingfulltrúi 180 Sigríður Helga Sigurþórsdóttir bendir á að þörf fyrir handleiðslu sé meiri nú þegar kreppan er farin að segja meira til sín hjá skjólstæðingum okkar.

Ingibjörg Kristleifsdóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Allsherjarnefnd.

7-5.1 Tillaga um sérfræðilega ráðgjöf fyrir félagsmenn KÍ.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 21 Harpa Jörundardóttir tekur til máls – ekki náðist að greina hvað hún sagði.

Þingfulltrúi 79 Helga Tryggvadóttir bendir á að síðasta þing KÍ felldi tillögu um styrk úr Sjúkrasjóði til kaupa á líkamsræktarkortum. Hún vill einnig að tekið verði tillit til náms- og starfsráðgjafa.

Þingfulltrúi 60 Elín Guðfinna Thorarensen finnst ekki rétt skilaboð til félagsmanna sem hafa nefbrotnað í samskiptum við nemendur að gönguferð hjálpi þeim til að takast á við slík mál.

Sesselja G. Sigurðardóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Vinnuumhverfisnefnd.

7-6.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisnefnd um fræðslu fyrir trúnaðarmenn.

Hjördís Hrund Invadóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögum og vísaði þeim Orlofsnefnd.

7-7.1 Tillaga að breytingu á punktakerfi vegna úthlutunar á orlofshúsum.

7-8.1 Tillaga um rétt félagsmanna á niðurgreiðslu á félagíbúðum vegna læknaþjónustu.

Hjördís Hrund Ingvadóttir mælti fyrir eftirfarandi tillögu og vísaði henni í Allsherjarnefnd.

7-9.1 Tillaga um ferðastyrk vegna læknisferða utan heimabyggðar.

Kl.19:00 Léttur kvöldverður og nefndarstörf fram eftir kvöldi.  
Þingstörfum frestað til næsta dags.

## Fimmtudagur 7. apríl

Kl. 9:00 Þingforseti Guðbjörn Björgólfsson setti fundinn og kynnti næsta atriði.

### Tónlistaratriði

Nemendur frá Allegro Suzuki Tónlistarskólanum flytja Czárdás fyrir þrjár fiðlur eftir Michael McLean:

Alma Katrín Einarsdóttir, fiðla.

Júnína Lin Hua Jónsdóttir, fiðla.

Herdís Mjöll Guðmundsdóttir, fiðla.

Meðleikur á píanó: Brynhildur Ásgeirsdóttir.

### Menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir flytur erindi

Katrín þakkar fráfarandi stjórn fyrir gott samstarf á liðum árum og fór nokkrum orðum um menntastefnu stjórnvalda og hlutverk kennarastéttarinnar í mótun menntastefnu. Hvert stefnt er í menntamálum þjóðarinnar. Breyttar áherslum eftir hrun sem líta frekar í átt til verkmenntar og að efla gildismat þess að ala upp virka þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi.

### Fred van Leeuwen framkvæmdastjóri alþjóðasamtaka kennara EI ávarpar þingið

Fred ræddi um þann efnahags og umhverfisvanda sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir. Þessi vandi hefur valdið því að dregið hefur verið úr fjármagni menntamála. Kennarar standa nú frammi



5. þing KÍ 6. til 8. apríl 2011

---

fyrir verri kjörum og uppsögnum. Þessi ógn er þess valdandi að kennarar verða nú að standa saman um gildi menntunar og mikilvægi kennarastéttarinnar. Samstaða kennara á alþjóðavísu er því mikilvæg til að sporna við þeim ógnum sem að heiminum standa s.s. á Haiti og víðar. Menntun er það besta sem hver þjóð getur fjárfest í.

**Peter Mortimer fyrrverandi forstöðumaður Menntavísindasviðs Háskólans í London flytur fyrirlestur: “ The dilemmas and challenges of education today”**

Peter fjallaði um skólamál og notaði útkomur ýmsa kannana s.s. Písa til að bera saman stöðu skólamála og árangur af skólastarfi á norðurlöndum og Englandi. Hann hvetur kennara til að vera djarfir við að reyna nýjar leiðir í menntamálum en varar við ofnotkun prófa. Peter varar einnig við markaðssetningu menntunar. Hann telur mjög mikilvægt að stjórnmaðlamenn og forsvarsmenn menntamála fjalli opinberlega um það sem vel gengur þannig að þróun menntamála geti byggt á þeim jákvæðu hlutum sem eru í gangi.

Að lokum svaraði hann nokkrum fyrirspurnum meðal annars frá Jóni Tjörva, Berglindi og Önnu Soffíu Óskarsdóttur.

Kl. 11:05	Kaffihlé.
Kl. 11:00	Nefndarstörf (frh).
Kl. 12:45	Hádegishlé.
Kl. 13:15	Nefndarstörf (frh).
Kl. 14:00	Skoðunarferð með erlenda gesti.
Kl. 14:45	Kaffihlé.
Kl. 15:15	Lagabreytingar (framsaga, umræður og afgreiðsla).

Ársreikningar voru samþykktir mótatkvæðalaust.

**Kosningar í formenn sjóða**

Formenn Sjúkrasjóðs og Vinnudeilusjóðs voru sjálfkjörnir. Þeir eru: formaður Sjúkrasjóðs Kristín Stefánsdóttir FT og formaður Vinnudeilusjóðs Ingibergur Elísson.

**Nefndir skila af sér, framsaga, umræður um nefndaálit og afgreiðsla mála.**

**Laganefnd**

Þingfulltrúar 17 Guðmundur Eyþórsson og 147 Hanna Berglind Jónsdóttir gerðu grein fyrir starfi nefndarinnar og kynntu breytingar sem urðu í meðferð hennar um leið og þau lögðu eftirfarandi tillögu fram: aðildarfélög í stað félög, Uppstillingarnefnd verði Framboðsnefnd, gjörðarbækur verði kallaðar fundargerðir og að fleiri félagsmenn verði á bak við hvern þingfulltrúa á þingi KÍ.

Breytingartillaga um að í staðinn fyrir félög væri hugtakið aðildarfélög notað þar sem við á. Samþykkt samhljóða.

1-1.2 Tillaga að breytingar á lögum KÍ.

1. grein: hér bætist við Félag stjórnenda í leikskólum FSL.

Samþykkt samhljóða.

7. grein: Aðild að KÍ eiga þau félög sem talin eru upp í 1. grein (upptalningunni sleppt).

Samþykkt samhljóða.

10. grein: Kostnaður vegna aðalfunda aðildarfélaga greiðist af viðkomandi félagi.

Samþykkt samhljóða.

12. grein: Breyting á fyrirsögn: Samstarf milli svæðafélaga/deilda í KÍ og sérstakir styrkir vegna þess.



Samþykkt samhljóða.

13. grein.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 59 Elías Þorbjörnsson vill vita hvers vegna trúnaðarmaður á ekki að fylgjast með kosningu öryggistrúnaðarmanns.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eyþórsson svarar og segir að með tilvísun um málefni trúnaðarmanna til millipinganeyfndar er verið að tryggja betur starf trúnaðarmanna.

Þingfulltrúi 59 Elías Þorbjörnsson. Vill að það standi í lögum KÍ að trúnaðarmaður sjái til þess að öryggistrúnaðarmaður verði kosinn.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eyþórsson. Samkvæmt landslögum á að kjósa öryggistrúnaðarmann, sem er trúnaðarmaður allra starfsmanna og ber skólastjórnendum að sjá til þess að þeir séu kosnir. Hann heyrir því ekki undir KÍ.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason bendir á að hlutverk trúnaðarmanna séu mörg og því ekki rétt að taka fram eitt hlutverk út fram yfir önnur.

Þingfulltrúi 216 Kristín Stefánsdóttir bendir á að það vantar eitt „og“ í tillöguna.

Þingfulltrúi 59 Elías Þorbjörnsson dregur tillögu sína til baka þar sem hann hefur fengið góð svör við spurningu sinn.

Samþykkt samhljóða.

14. grein.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson leggur til að 18. grein verði tekin fyrir á undan 14. grein þar sem hér er aðeins um nafnabreytingu að ræða.

Samþykkt samhljóða.

18. grein. Þingforseti las upp greinina þar sem hún var mikið breytt.

Til máls tóku:

Áheyrnarfulltrúi Bragi Halldórsson leggur fram breytingatillögu við fyrstu málsgrein:  
Aðildarfélag KÍ skulu tilnefna 7 menn í framboðsnefnd, einn frá hverju aðildarfélagi.

Þingfulltrúi 128 Svanborg Ísberg bendir á að félag innan KÍ eru 8 og leggur til að þar standi einn frá hverju félagi sem hefur atkvæðisrétt.

Þingfulltrúi 142 Kristján Sigtryggsson óskar skýringa á nafnabreytingu Uppstillinganeyfndar í Framboðsnefnd.

Þingfulltrúi 189 Stefán Andrésson skýrir að samkvæmt tillögunni eigi að safna framboðum en ekki stilla upp listum.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eyþórsson. Hverjir vilja leita að varamönnum. Er ekki betra að fá fólk til starfa sem vill vinna. Hvers vegna að telja upp félag sem hafa ekki kjörgengi samanber Félag kennara á eftirlaunum.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson tekur til máls varðandi tillögu Braga og spyr hvort það væri þá ekki rétt að aðildarfélagin kysu sína fulltrúa, ábending.





1. breytingatillaga við breytingatillöguna borin upp.  
Þingfulltrúi 107 Mjöll Matthíasdóttir leggur til að tekið sé hlé og þeir sem standi að tillögnum komi sér saman um endanlegt orðalag.  
Samþykkt með lófataki.

1. málsgrein 18. greinar með orðalagsbreytingum.  
Samþykkt með öllum atkvæðum gegn 2.

Seinni breyting á greininni.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson bendir á að ef þessi breyting verði samþykkt þá þurfi ekki að kjósa Uppstillinganefnd á þessu þingi.

Þingheimur var sammála um að skilja greinina eins og Eiríkur Jónsson.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eyþórsson segir hægt að kjósa Uppstillinganefnd á þinginu en leggja hana svo niður.

Þingfulltrúi 7 Anna Soffía Bráðabirgðaákvæði þarf ekki ef við samþykkjum greinina og þá þarf ekki að kjósa.

Þingfulltrúi 44 Þórður A Hjaltsted bendir á að í lögum KÍ eru ákvæði sem aðildarfélögin fylgja og lög taka gildi að loknu þingi en ekki á því miðju.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson segir bráðabirgðaákvæðið þarf að vera inni til að hægt sé að fara að lögum.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson spyr hvenær þurfa aðildarfélögin að vera búin að kjósa í Uppstillinganefnd.

Ákvæði um bráðabirgða borið upp.

Samþykkt með þorra atkvæða.

18. grein með áorðnum breytingum.

Samþykkt með öllum atkvæðum nema 3.

14. grein um Framboðsnefnd og fjölda þingfulltrúa.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 20 Gunnlaugur Ástgeirsson vill vita hvers vegna þurfi að breyta úr 50 í 75 félagsmenn á bak við hvern þingfulltrúa þ.e.a.s. eru þetta bara sparnaðarrök.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eyþórsson. Það voru ekki fjárhagsleg rök á bak við þetta. Heldur ætti fulltrúalyðræðið að virka betur og þingfulltrúar væru virkir í nefndum þingsins.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson. Rökin fyrir þessari breytingu voru að virknin yrði meiri og allir ættu sæti í nefndum, fjármálin koma að vísu til greina en eru ekki afgerandi þáttur. Einnig er hlutfallið milli þingfulltrúa og fjölda félagsmanna mun hærra hjá okkur en hinum Norður-löndunum.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson telur að svona breyting geti orðið til þess að þeir sem ekki eru trúnaðarmenn eða í öðrum trúnaðarstörfum fyrir félagið verði óvirkir.

Þingfulltrúi 80 Helgi Hólm telur sig hafa verið mjög virkan þó hann hafi ekki verið eyrnamerkur neinni nefnd. Hann hafnar því þessum rökum og til að fjölga nefndum í stað þess að fækka fulltrúum.



Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir bendir á að þessi tillaga gæti haft áhrif á litlu félögin en minni á þau stóru sem eu með marga fulltrúa fyrir.

Þingfulltrúi 28 Katrín Gunnarsdóttir spyr hvort einhver takmörk séu fyrir því hve margir geta verið í nefndunum. Hún telur það styrk KÍ að hafa þingið sem fjölmennast.

Þingfulltrúi 181 Sigrún Arna Elvarsdóttir tekur undir orð síðasta ræðumanns.

Þingfulltrúi 24 Hjálmar Jóhannesson vill að raddir landsbyggðarinnar heyrast betur og það mætti t.d. gera með því að bætt verði inn „auk þess komi inn einn fulltrúi frá hverjum skóla“.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson vakti athygli á því að á síðasta þingi vantaði 40-50 þingfulltrúa og því kom þessi fækkunar tillaga fram. Núna vantar færri.

Þingforseti minnir á næstu kosningar og kynnir úrslit kosninga.

**Formaður Orlofssjóðs:**

Atkvæði greiddu 185 og þau féllu þannig:

**Elís Þór Sigurðsson 131 og telst hann því rétt kjörinn formaður.**

Gunnlaugur Ástgeirsson 64.

Auðir seðlar 2.

Tillaga að breytingu úr 50 í 75.

Felld með þorra greiddra atkvæða.

Formenn nefnda og stjórna eiga sæti sem áheyrnarfulltrúar.

Samþykkt samhljóða.

14. grein með áorðnum breytingum.

Samþykkt með öllum atkvæðum nema 2.

16. grein orðið Uppstillinganefnd tekin út úr greininni.

Samþykkt samhljóða.

16. greinin öll með áorðnum breytingum.

Samþykkt samhljóða.

17. grein.

Samþykkt.

20. grein.

Samþykkt.

24. grein.

Samþykkt.

26. grein.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 152 Dýrleif Skjöldal vill skýringar á hvers vegna Fjárvörsluráð er tekið út.

Þingfulltrúi 139 Þórunn Steindórsdóttir. Hvers vegna þarf að nafngreina þessa sjóði.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson telur þetta eðlilegt þar sem þetta eru þeir sjóðir sem eru tilnefndir í reikningum KÍ.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eypórsson telur þetta vera mál sem þarf að vísa til millipinganefndar og bendir á að engin rök séu fyrir því að taka völdin af stjórnnum aðildarfélaganna.

Hannes Þorsteinsson bendir á að hér sé verið að formgera það hvernig peningunum sé ráðstafað og draga úr völdum þeirra sem með sjóðina fara.

Þingfulltrúi 107 Mjöll Matthíasdóttir leggur til að tillaga um Fjárvörsluráð verði samþykkt.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson er samþykktur síðasta ræðumanni.

Áheyrnarfulltrúi Bragi Halldórsson bendir á að hugsunin á bak við að henda Fjárvörsluráðinu út var að í hverju aðildarfélagi séu fulltrúar sem sjá um sjóði þeirra. Í dag er kominn hagfræðingur sem hægt er að leita ráða til. Varar við að farið sé of hratt í hlutina.

Þingfulltrúi 80 Helgi Hólm telur þetta skynsamleg viðbrögð við hruninu. Mætti setja inn að stjórn KÍ verði skylt að leita umsagnar fagaðila um fjárfestingar félagsins. En leggur til að þessari tillögu verði frestað um sinn.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eypórsson leggur til málinu verði vísað til millipinganefndar.

Þingfulltrúi 155 Inga Rut Ólafsdóttir hvetur þingfulltrúa til samþykkja tillöguna.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason bendir á að stjórn KÍ beri ábyrgð á fjárvörslu KÍ. Ástæðulaust sé að taka ábyrgðina frá henni. Einnig vekur hann athygli á formaður eins sjóða KÍ verði í Fjárvörsluráði en ekki formenn hinna.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir leggur til að í Fjárvörsluráði sitji stjórn KÍ, skrifstofu-  
stjóri, hagfræðingur KÍ og formenn sjóða KÍ.

Þingfulltrúi 20 Gunnlaugur Ástgeirsson telur tillögu um fjárvörsluráð óþarfa þar sem það er skilgreint hlutverk stjórnar og starfsmanna KÍ að varðveita peninga KÍ. Auk þess er hlutverk sjóðanna mjög ólíkt, sumir eiga að safna peningum, aðrir eiga að eyða þeim eins og Sjúkrasjóður og Orlofssjóður og því leggur hann til að þeir verði teknir þarna út.

Þingfulltrúi 18 Guðmundur Þórarinn Tulinus telur að millipinganefnd ætti að taka þetta mál að sér og velta fyrir sér hvernig best er að ávaxta og varðveita fjármuni þessara sjóða.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson bendir á að tillagan tekur engin völd frá aðildarfélögunum og leggur til að samþykkja fjárvörsluráðið og láta millipinganefnd athuga málið.

1. breyting um að setja Fjárvörsluráðið inn.  
Samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

2. breytingatillaga fella út Orlofssjóð og Sjúkrasjóð.  
Fellð með þorra greiddra atkvæða.

26. grein með áorðnum breytingum.  
Samþykkt með tveim mótatkvæðum.

28. grein.  
Samþykkt samhljóða.

29. grein.  
Samþykkt samhljóða.



30. grein.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

33. grein, 34. grein og 35. grein ræddar saman.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir gerir athugasemd við að fulltrúar eru skipaðir af KÍ en ekki kosnir.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson. Félögin hafa verið beðin um að tilnefna menn í þessar nefndir á stjórnarfundi. Framboðsnefndin mætti fá það hlutverk að koma með tillögu til kosningar. Leggur til að millipinganefnd skoði hvernig skipað verði í þessar nefndir.

Fundur samþykkti að láta millipinganefnd útfæra vinnureglur.

33. grein.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

34. grein.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

35. grein.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

36. grein.

Samþykkt samhljóða.

37. grein.

Samþykkt samhljóða.

Lögin borin upp í heild sinni með áorðnum breytingum.

Samþykkt samhljóða.

Tilkynningar: Þingforseti Guðbjörn Björgólfsson minnir á að framboðsfrestur varamanna í sjóði verður til kl.10:00 í fyrramálið.

Tillaga um millipinganefnd til umræðu.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 59 Elías Gunnar Þorbjörnsson bendir á 7. lið um hlutverk réttinda og skyldur trúnaðarmanna og varatrúnaðarmanna og tengiliði og vekur athygli á því að þessi nefnd er ekki til þrátt fyrir að mörgum málum hafi verið vísað til hennar.

Þingfulltrúi 15 Guðmundur Björgólfsson bendir á að það er ekki til neitt sem heitir varatrúnaðarmaður.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson bendir á að kosið er til varatrúnaðarmanna og því sé allt í lagi að tala um þá.

Þingfulltrúi 15 Guðmundur Björgólfsson segir að enginn er trúnaðarmaður nema hann sé kosinn.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson bendir á að lögin segja að það þurfi að vera minnst 5 starfsmenn til að kosinn sé trúnaðarmaður. KÍ ætti að berjast fyrir því að trúnaðarmenn séu á öllum starfstöðum óháð stærð vinnustaðar. Hann bendir á að við höfum kosið varatrúnaðarmenn og komist upp með það og því ættum við að halda því áfram.



5. þing KÍ 6. til 8. apríl 2011

---

Starfsmaður þingsins Sesselja Guðmundsdóttir ítrekar þá hefð innan FG að kjósa varatrúnaðarmenn hvað sem lögin segja. Þetta hefur gefist vel og því sé ekki ástæða að hætta því.

Breytingatillaga: Setja inn 10 punktinn.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson segir að nefndirnar hafi tekið til starfa þegar næsta þing kemur saman.

Samþykkt.

Tillagan með áorðnum breytingum.

Samþykkt.

Kl.18:20 **Kosið í stjórnir sjóða.**

**Framboð í stjórn Orlofssjóðs**

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal Jóhannesdóttir beinir því til kjósenda að velja fulltrúa úr öllum aðildarfélagum. Það sé til marks um einingu og styrkur okkar felst í því að öll aðildarfélög eigi fulltrúa í stjórnnum KÍ.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir vill vita hvort frambjóðendur sem ekki eru með mynd af sér fái að sýna sig.

Þingheimur samþykkir að þeir standi upp við nafnakall.

Þingforseti biður frambjóðendur sem ekki eru með mynd að standa upp.

**Kosningar í sjóði**

Varaforsetum og varariturum falið að sjá um talningu og að henni verði lokið fyrir kl. 10 í fyrramálið.

Kl. 19:00 Ásmundarsafn - samvera á léttum nótum með mat og drykk.

Þingfundi frestað til morguns.

## Föstudagur 8. apríl

Kl. 09:00 Þingforseti bíður þingfulltrúa velkomna, minnir á að fylla út matsblaðið ásamt því að skila nafnspjöldum og atkvæðaseðlum í lok þingsins.

Nefndir skila af sér, framhald á afgreiðslu mála.

### Útgáfunefnd

Formaður útgáfunefndar þingfulltrúi 6 Arnbjörn Jóhannesson gerir grein fyrir tillögum nefndar.

6-9.1 Tillaga um útgáfumál.

6-11.1 Tillaga um ályktun um hagræðingu í útgáfumálum.

6-17.1 Tillaga um útgáfu Skólavörðunnar - nefndin leggur hana ekki fram.

6-18.1 Tillaga um fjölda tölublaða Skólavörðunnar.

6-19.1 Tillaga um skólamálavefsíðu.

6-20.1 Tillaga um útgáfu fjórblöðunga.

6-21.1 Tillaga um upplag Skólavörðunnar - nefndin leggur hana ekki fram.

Umræður um tillögurnar.

6-9.1 Tillaga um útgáfumál.

Til máls tóku:



Þingfulltrúi 4 Hrafnkell Tumi Kolbeinsson varar við spjallsíðum sem ýmist eru vannotaðar eða notaðar fyrir reiði. Hver á að ritskoða síðurnar og hvert er markmið með þeim. Bendir á að margir hafi lokað sínum síðum.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason er á öndverðu meiði við síðasta ræðumann og segir frá góðri reynslu FG frá síðasta verkfalli. Þetta á að vera lokaður vefur sem enginn kemst inn á nema þeir sem eru félagsmenn í KÍ.

6-9.1 Tillaga um útgáfumál.  
Samþykkt með flestum atkvæðum.

6-11.1 Tillaga um ályktun um hagræðingu í útgáfumálum.  
Samþykkt.

6-18.1 Tillaga um fjölda tölublaða Skólavörðunnar.  
Samþykkt með flestum atkvæðum.

6-19.1 Tillaga um skólamálahefingisíðu.  
Til máls tók:  
Þingfulltrúi 146 Fjóla Þorvaldsdóttir styður tillöguna.  
Samþykkt.

6-20.1 Tillaga um útgáfu fjórblöðunga.  
Samþykkt með flestum atkvæðum.

#### **Réttindamálanefnd**

Þingfulltrúi 204 Sigurður Sigurjónsson formaður Nefndar um réttindamál leggur fram tillögur nefndarinnar.

- 4-4.1 Tillaga að ályktun um lífeyrissjóðsmál.
- 4-5.1 Tillaga að ályktun um Starfsendurendurhæfingarsjóð.
- 7-8.2 Tillaga um rétt félagsmanna á niðurgreiðslu á félagsíbúðum vegna læknisþjónustu.
- 7-9.2 Tillaga um ferðastyrk vegna læknisferða utan heimabyggðar.

Umræður.

4-4.1 Tillaga að ályktun um lífeyrissjóðsmál.  
Samþykkt.

4-5.1 Tillaga að ályktun um Starfsendurendurhæfingarsjóð.  
Samþykkt.

7-8.2 Tillaga um rétt félagsmanna á niðurgreiðslu á félagsíbúðum vegna læknisþjónustu.  
Til máls tóku:  
Þingfulltrúi 48 Ásdís Óskarsdóttir finnst tillagan of opin, vill nánari útfærslu.

Þingfulltrúi 68 Kristín Jónsdóttir er sammála fyrri ræðumanni og vill nánari ramma um úthlutunina en að annars er þessi tillaga hið besta mál.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson bendir á að það sé ekki hlutverk þings að útfæra úthlutunar/vinnureglur Sjúkrasjóðs heldur eigi stjórn sjóðsins að gera það.

Þingfulltrúi 14 Gísi Þór Sigurþórsson telur ályktunina mjög góða en vill ekki að skemmdu eplin eyðileggi fyrir hinum og því verðum við að sýna félagslega samstöðu.



Þingfulltrúi 165 Hjördís Hrund Invadóttir bendir á að tillagan snúist ekki bara um landsbyggða-fólk því höfuðborgarbúar gætu þurft að sækja sér aðstoð út fyrir höfuðborgarsvæðið.

7-8.2 Tillaga um rétt félagsmanna á niðurgreiðslu á félagsíbúðum vegna lækniþjónustu. Samþykkt.

7-9.2 Tillaga um ferðastyrk vegna lækni ferða utan heimabyggðar. Verður tekin með tillögum Allsherjarnefndar.

### **Orlofsnefnd**

Þingfulltrúi 48 Ásdís Óskarsdóttir formaður Orlofs- og ferðanefndar leggur fram tillögur nefndarinnar.

6-5.2 Tillögur stjórnar Orlofssjóðs. Breytingar.

Umræður. Til máls tóku:

Þingfulltrúi 201 Inga Líndal hvetur KÍ til að sjá til þess að allir félagsmenn njóti sömu kjara annað hvort í formi punkta eða með sömu greiðslum.

Þingfulltrúi 1 Eiríkur Jónsson. Það hefur aldrei þekkt að fólk fái réttindi í tengslum við krónutölugreiðslu til félagsins. Allir félagsmenn njóta sömu réttinda hvort sem þeir eru í hlutastarfi eða fullu starfi og óháð launum.

6-5.2. Samþykkt.

Fjárhagáætlun Orlofssjóðs. Samþykkt.

### **Kosningar í sjóði:**

#### **Úrslit kosninga til stjórnar Orlofssjóðs**

Atkvæði greiddu 183 og þau féllu þannig:

Ólöf Jónsdóttir, FT	122
Sigurður Halldór Jesson, FG	98
Guðmundur Björgvin Gylfason, FF	96
Erla Stefanía Magnúsdóttir, FSL	75
Eydís Eypórsdóttir, FL	72
Helga C. Reynisdóttir, FL	65
Edda Lára Kaaber, FF	60
Nanna Hlín Skúladóttir, FG	59
Þuríður Óttarsdóttir, SÍ	53
Árni Már Árnason, FG	50
Jórunn Helena Jónsdóttir, FG	46
Reynir Daníel Gunnarsson, SÍ	46
Svana Kristinsdóttir, FSL	46
Hrönn Sigríður Steinsdóttir, FL	45
Magnús Þorkelsson, FS	44
Steinn Mar Helgason, FF	43
Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, FG	39
Hjálmar Þ. Baldursson, FF	22
Auðir	1
Ógildir	2



### Úrslit kosninga til stjórnar Sjúkrasjóðs

Atkvæði greiddu 170 og þau féllu þannig:

Guðmundur Freyr Sveinsson, SÍ	120
Ásdís Ingólfssdóttir, FF	85
Sigrún Toby Herman, FF	74
Margrét Þórisdóttir, FG	72
Torfhildur Sigurðardóttir, FL	71
Inga María Friðriksdóttir, FG	60
Heiða Björk Rúnarsdóttir, FSL	58
Margrét Guðbrandsdóttir, FG	56
Ásta Ólafsdóttir, FG	45
Þórunn Óskarsdóttir, FL	45
Þórhildur Jónsdóttir, FL	31
Auðir/ógildir	0

### Úrslit kosninga til stjórnar Vinnudeilusjóðs

Atkvæði greiddu 180 og þau féllu þannig:

Snorri Heimisson, FT	133
Guðmundur Björgvin Gylfason, FF	94
Elín Mjöll Jónasdóttir, FSL	88
Guðbjörg Harpa Ingimundardóttir, FL	82
Brynja D. Matthíasdóttir, FG	79
Hildur Jórunn Agnarsdóttir, FG	70
Elín Guðfinna Thorarensen, FG	67
Edda Lára Kaaber, FF	51
Hrönn Sigríður Steinsdóttir, FL	50
Auðir/ógildur	1

### Fræðslu og félagsmál

Þingfulltrúi 146 Fjóla Þorvaldsdóttir formaður Fræðslu- og félagsnefndar leggur fram og kynnir tillögur nefndarinnar.

- 6-10.1 Tillaga um upplýsinga- og kynningarmál samþykkt óbreytt úr nefnd.
- 6-14.1 Tillaga um eflingu samstarfs aðildarfélaga KÍ samþykkt óbreytt úr nefnd.
- 7-2.1 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn, breyting bætt við og tengiliði.
- 7-3.2 Tillaga um almenna fræðslufundi fyrir félagsmenn KÍ smá breytingar.

Nýjar tillögur frá nefnd.

- 7-10.1 Tillaga um námskeið fyrir trúnaðarmenn KÍ.
- 7-11.1 Tillaga um áskorun til Mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna UT-leiðtoga.

Umræður.

- 6-10.1 Tillaga um upplýsinga og kynningarmál óbreytt úr nefnd.  
Samþykkt.

- 6-14.1 Tillaga um eflingu samstarfs aðildarfélaga KÍ óbreytt úr nefnd.  
Samþykkt.

- 7-2.1 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn, breyting bætt við og tengiliði.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 48 Ásdís Óskarsdóttir vill fá að vita hve margir tengiliðirnir eru. Svar barst úr sal: þeir eru 71.  
Samþykkt.

---



7-3.2 Tillaga um almenna fræðslufundi fyrir félagsmenn KÍ smá breytingar.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 41 Valdís Björk Þorsteinsdóttir vísar til eldri samþykktu og spyr hvað sé að fréttu af stöðugildi starfsmanns KÍ á Akureyri og hvetur KÍ til að halda kynningarfundum í öllum landshlutum.

Þingfulltrúi 146 Fjóla Þorvaldsdóttir bendir á að hægt sé að nýta tæknina og sjónvarpa fundum milli landshluta.

Þingfulltrúi 44 Þórður Á Hjaltested sagði að framtíðarsýnin væri að fara með námskeiðin út um landið.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir spurði hvort það mætti ekki halda þing KÍ úti á landi t.d. á Akureyri.

Þingfulltrúi 18 Guðmundur Þ. Tulinius kemur með breytingartillögu til að tryggja hlut landsbyggðarinnar og vill að þar standi „að þeir nýtist að fullu félögum á landsbyggðinni“.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir vill breyta fyrri tillögu í „félögum KÍ alls staðar á landinu“.

Þingfulltrúi 152 Dýrleif Skjöldal bendir á að þessi umræða sé að fara úr böndunum, á kannski að fara í alla skóla á landinu.

Þingfulltrúi 44 Þórður Á Hjaltested hvetur menn til að vera raunsæa.

Þingfulltrúi 18 Guðmundur Þ. Tulinius vill bara tryggja rétt allra félagsmanna, dregur sína tillögu til baka og samþykkir tillögu þingfulltrúa 183.

Þingfulltrúi 59 Edda Guðmundsóttir vill einfalda/snyrta textan.

Þingfulltrúi 146 Fjóla Þorvaldsdóttir hvetur menn til að lesa betur þar sem talað er um félagsmenn. Tillagan átti að vera hógvær en taka tillit til búsetu félagsmanna eins og hægt er.

Þingfulltrúi 180 Sigríður Helga Sigurðardóttir leggur til að námskeið og fundir verði samfelldir ef um fleiri en einn dag er að ræða og eða síðdegis ef þeir eru einn dag.

Þingfulltrúi 187 Þórhildur Jónsdóttir leggur til að fræðslan verði í tengd við trúnaðarmanna-námskeið og trúnaðarmenn sjái svo um að koma upplýsingum áfram.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Björgvin Gylfason kemur með frávísunartillögu á allar breytingar sem komnar eru fram.

Frávísunartillaga.

Samþykkt með einu mótatkvæði.

7-3.2 Tillaga um almenna fræðslufundi fyrir félagsmenn KÍ smá breytingar.

Samþykkt óbreytt frá nefnd.

7-10.1 Tillaga um námskeið fyrir trúnaðarmenn KÍ.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 189 Stefán Andrésen finnst fáránlegt að setja tillögu um eitt tölvuforrit.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson leggur til frávísunartillögu á tillöguna.

---



Frávísunartillaga á 7-10.1 Tillaga um námskeið fyrir trúnaðarmenn KÍ.  
Samþykkt.

7-11.1 Tillaga um áskorun til Mennta- og menningarmálaráðuneyttis vegna UT-leiðtoga.  
Samþykkt samhljóða.

Kl. 10:30 Kaffihlé.

### **Jafnréttisnefnd**

Þingfulltrúi 160 Halldóra Guðmundsdóttir formaður nefndarinnar lagði fram tillögur nefndarinnar.

6-1.1 Tillaga að jafnréttistefnu KÍ, snyrting.

6-2.1 Tillaga frá jafnréttisnefnd um jafnréttisáætlun KÍ.

6-2.1a Drög að jafnréttisáætlun KÍ, snyrting.

Umræður

6-1.1 Tillaga að jafnréttistefnu KÍ, snyrting.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eypórsson. Þetta er kvennastétt og vill ekki að einhver hópur hafi umframrétt gagnvart þeim fámennari og leggur til að breytingar í nefnd verði dregnar til baka.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason er sammála þingfulltrúa 17.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson er óánægður með báðar breytingarnar. Vill ekki tryggja kynjahlutfall því það hallar á fámennari hópa og getur útilokað þá frá nefndarstörfum.

Þingfulltrúi 98 Kristín Pétursdóttir er sátt við að hlutfall kynja sé sem jafnast en telur þetta ekki fjölga karlmönnum í stéttinni.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir bendir á að skjal 6-2.1a sé skoðuð í samhengi. Bendir á að óraunhæft sé að tryggja hlutfall kynja í nefndum félaga sem hafa fá karlmenn.

Þingfulltrúi 160 Halldóra Guðmundsdóttir vill taka breytingar nefndarinnar til baka.

Þingfulltrúi 225 Ingileif Ástvaldsdóttir bendir á að það þurfi að gæta samfellu milli jafnréttisáætlunar og jafnréttisstefnu, þó má stefnan ganga lengra.

Þingfulltrúi 23 Hanna B. Vilhjálmsdóttir telur mikilvægt að skoða stöðu kynja í samfélaginu þegar við skoðum þessi mál.

Þingfulltrúi 17 Guðmundur Eypórsson er ekki sáttur við að KÍ ætli sér að leiðrétta stöðu kynja í samfélaginu.

Þingfulltrúi 139 Þórunn Steindórsdóttir varar við þessari umræðu og vill að við höldum okkur við að velja hæft fólk óháð kyni.

Þingfulltrúi 160 Halldóra Guðmundsdóttir bendir þingheimi á að skoða drögin þar sem kemur fram „að leitast skuli við að endurspeglar kynjahlutfall stéttarinnar“.

Þingfulltrúi 183 Sveinlaug Sigurðardóttir. Í framtíðinni viljum við að hlutfall kynja sé sem jafnast í stéttinni. Hvernig getum við tryggt það ef um kosningu er að ræða. Ef bara eru kosnir karlar á þá að handvelja konur inn.



Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason. Jafnrétti á ekki að ganga út á að stórir hópar kúgi minni hópa. Við værum í vöndum málum ef FG ætti að eiga fulltrúa í nefndum miðað við hausatölu í félaginu.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Tvennt er í stöðunni, við eigum annað hvort að miða við jafnrétti eða jafnt hlutfall kynja.

Þingfulltrúi 69 Guðbjörg Ragnarsdóttir segir að tillagan sé sett inn til að konur skapi og verði virkar. Kallað sé eftir því að konur verði virkari en ekki æðri.

Starfsmaður þings Sesselja Guðmundsdóttir spyr hvort nemendur og námsgögn eigi heima í jafnréttisstefnu félagsmanna KÍ á bls. 2.

Þingfulltrúi 38 Einar Trausti Óskarsson. Setningunni var breytt í samræmi við jafnréttisáætlun, þrjár leiðir koma til greina. Upphaflegur texti, halda tillögu nefndarinnar eða fella þetta allt út. Ekki velta fyrir sér hlutfalli kynja í nefndum og ráðum. Leggur til að skipan í nefndir falli út.

Tillaga þingfulltrúa 38.  
Samþykkt með þorra atkvæða.

Tillaga Sesselju.  
Samþykkt.

6-1.1 Með áorðnum breytingum.  
Samþykkt.

6-2.1  
Samþykkt.

6-2.1a  
Til máls tók:  
Þingfulltrúi 107 Mjöll Matthíasdóttir vill vísa skjalinu til Jafnréttisnefndar, formanns KÍ og skrifstofustjóra,  
Samþykkt með þorra atkvæða gegn 1.

#### **Kosning varamanna í Orlofssjóð**

Atkvæði greiddu 190 og þau féllu þannig:

<b>Edda Guðmundsdóttir, FG</b>	<b>107</b>
<b>Ólöf Inga Andrésdóttir, SÍ</b>	<b>92</b>
<b>Edda Lára Kaaber, FF</b>	<b>91</b>
Sigfríður Sigurgeirsdóttir, FG	89
Torfhildur Sigurðardóttir, FL	87
Þuríður Óttarsdóttir, SÍ	65
Auðir/ógildir	3/4

Þingforseti dregur um röð varamenn í Vinnudeilusjóð og Sjúkrasjóð.

#### **Varamenn í Vinnudeilusjóð verða í þessari röð:**

Ghasoub Abed FF.  
Kristín Kolbeinsdóttir FG.  
Vilbjörg Guðbrandsdóttir SÍ.  
Björgvin L. Leifsson.

#### **Varamenn í Sjúkrasjóð verða í þessari röð:**

Inga María Friðriksdóttir FG.

Árdís Jónsdóttir.  
Kristín Jónsdóttir.  
Elísabet Simsen FS.  
Soffía Jónsdóttir.

### Vinnudeilusjóður

Þingfulltrúi 24 Hjálmar Jóhannesson formaður nefndarinnar leggur fram tillögur nefndarinnar.

- 6-6.1 Fresta þar til Siðaráð leggur fram tillögur.
- 6-16.1 Tillaga til 5. þings frá Vinnuumhverfisnefnd um endurskoðaða stefnu KÍ.
- 7-2.1 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn KÍ - búið að samþykkja.
- 7-4.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisnefnd um handleiðslu.
- 7-5.1 Tillaga um sérfræðilega ráðgjöf fyrir félagsmenn KÍ vísað til allsherjanefndar.
- 7-6.1 Tillaga um fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn vísað frá.

Umræður.

- 6-16.1 Tillaga til 5. þings frá Vinnuumhverfisnefnd um endurskoðaða stefnu KÍ.  
Samþykkt.
- 7-4.1 Tillaga frá Vinnuumhverfisnefnd um handleiðslu.  
Samþykkt.

7-2.1 Tillaga um fræðslu fyrir trúnaðarmenn KÍ - búið að samþykkja.  
Þingfulltrúi 107 leggur til að skjalið verði samþykkt núna því það fórst fyrir að samþykkja breytingatillögu þegar skjalið var samþykkt úr hinni nefndinni.

Kl. 12:00 Matarhlé.

### Kl. 13:00 Kjöri formanns og varaformanns KÍ lýst.

Þingforseti las bréf frá kjörstjórn þar sem fram kemur að:

Þórður á Hjaltested er réttkjörinn formaður KÍ 2011-2014 og  
Björk Bjarnadóttir er sjálfkjörin sem varaformaður KÍ 2011-2014.

Andres Rusk færði þeim blóm fyrir hönd norrænnu kennarasamtakanna Hann óskaði þeim til hamingju og bauð þau velkomin í norrænt samstarf.

Björg Bjarnadóttir tekur til máls og segist vera stolt, auðmjúk og hlakka til að taka við þessu ábyrgðar starfi. Hún þakkar fyrir það traust sem henni er sýnt. Hún ítrekaðar að sameinuð kennarasamtök eru sterkustu samtökin. Spilaði undir fjöldasöng þingheims á munnhörpu.

Ósk um að taka upp skjal 7-2.1 þar sem setningarbrot vantaði (og gerð fræðsluefnis).

7-2.1 Umræður.

Til máls tók:

Þingfulltrúi 146 Fjóra Þorvaldsdóttir bendir á að búið væri að bæta inn „og tengiliði“. Samþykkt með áorðnum breytingum.

### Siðaráð og siðareglur

Þingfulltrúi 173 Linda Ósk Sigurðardóttir formaður nefndarinnar leggur fram tillögur nefndarinnar.

- 6-22.1 Tillaga um teymi fagfólks vegna eineltis.
  - 6-8.1 Tillaga Siðaráðs KÍ um breytingu á siðareglum kennara.
  - 6-7.1 Tillaga Siðaráðs um áherslur næstu misseri.
-



6-6.1 Tillaga frá Jafnréttisnefnd ,Siðaráði og Vinnumhverfisnefnd um áskorun til Ríkis og sveitarfélaga um viðbrögð við einelti.

Umræður.

6-7.1 Tillaga Siðaráðs um áherslur næstu misseri.  
Samþykkt samhljóða

6-6.1 Tillaga frá Jafnréttisnefnd ,Siðaráði og Vinnumhverfisnefnd um áskorun til Ríkis og sveitarfélaga um viðbrögð við einelti.  
Samþykkt samhljóða.

6-8.1 Tillaga Siðaráðs KÍ um breytingu á siðareglum kennara.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 145 Marta Dögg Sigurðardóttir vill skipta út orðinu samvisku í staðin fyrir siðferðis-  
kennd.

Þingfulltrúi 139 Þórunn Steindórsdóttir vill sleppa orðinu nemendum í 5. grein og þar standi  
„allir“.

Þingfulltrúi 152 Dýrleif Skjöldal vill taka kennara út úr reglu 11 og setja öllum. Einnig finnst  
henni orðið menntun ekki dekkja fyrri texta.

Þingfulltrúi 173 Linda Óska Sigurðardóttir gerir grein fyrir orðinu kennari í grein 11 þar sem  
hnykkt er á samkennd kennara og stéttarvitund kennara og 11. og 12. regla hangi saman. Einnig  
er talað um að mennta til þroska og því eigi það að vera í skjalinu. Mennta er sterkasta orðið.

Þingfulltrúi 193 Ingibjörg Kristleifsdóttir. Á ekki líka að standa kennarar í 2. grein.

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigþórsson. Grunnhugsunin í þessari vinnu var að stytta reglurnar svo  
þær væru auðlærðar og grípandi. Orðið mennta segir allt sem segja þarf og samþykkjum skjalið.

Þingfulltrúi 98 Kristín Pétursdóttir vill segja fag- „og siðferðiskennd stéttarinnar“.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson vill samþykkja tillöguna óbreytta.

Tillaga um að fella nemendur úr 5. lið.  
Samþykkt með 92 á móti 80.

Tillaga um viðbót við menntun í 1.lið.  
Fellð.

Grein 11, fella kennara út.  
Samþykkt.

6-8.1 Með áorðnum breytingum.  
Samþykkt með þorra atkvæða.

6-22.1 Fella niður seinni setninguna í tillögu 6-6.1.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson skilur ekki hvert ályktunin er að fara.

Þingfulltrúi 173 Linda Ósk Sigurðardóttir. Tillögunni er beint til Ríkis og sveitarfélaga.  
Reykjavíkurborg hefur unnið þessi mál mjög vel en svo er ekki um mörg önnur.

Þingfulltrúi 107 Mjöll Matthíasdóttir. Upphaflegur skilningur hennar var að þetta skjal færi beint inn í annað skjal. Fagnar tillögunni.

Þingfulltrúi 86 Hreiðar Oddsson veit að Kópavogur, sem er eitt af stærri sveitarfélögum landsins, er ekki með eineltisáætlun og fagnar þessari tillögu.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson vekur athygli á að hann er ekki á móti tillögunni.

Þingfulltrúi 35 Sigrún Fanney Sigmarsdóttir. Þar sem þessi mál eru í ólestri fannst okkur rétt að þetta væri sér tillaga til að undirstrika mikilvægi hennar.

Þingfulltrúi 194 Björk Óttarsdóttir kemur með breytingatillögu þar sem „skorað er á“ ríki og sveitarfélög. Þetta orðalag skerpir tillöguna.

Þingfulltrúi 229 Magnús Þór Jónsson vill stroka síðustu línuna út.

Þingfulltrúi 3 Aðalheiður Steingrimsdóttir styður tillöguna sem er samstíga ályktun sem FS hefur gert en vill stroka síðustu setninguna út.

Þingfulltrúi 52 Brynja Áslaug Sigurðardóttir vill hafa síðustu setninguna þar sem hún tengist vanhæfi minni sveitarfélaga og stofnana til að fjalla um eineltismál vegna nándar.

Samþykkt með þorra atkvæða

6-22.1 Með áorðinni breytingu.  
Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þinginu barst skeyti:

Skorað er á KÍ að slá skjaldborg utan um þolendur eineltis og kynferðislegs áreitnis í röðum kennara. Jafnframt því að koma stuðningsneti (fagráð) á fót samstundis. Einelti fyrnist ekki samkvæmt lögum.

Helga Björk Magnúsdóttir Grétudóttir, eineltissamtökin og sérsveit gegn einelti.

### Allsherjarnefnd

Þingfulltrúi 71 Guðlaug Guðsteinsdóttir formaður nefndarinnar leggur fram tillögur nefndarinnar.

- 6-3.1 Tillaga um þjónustustefnu KÍ óbreytt.
- 6-4.1 Tillaga um húsnæðismál KÍ.
- 6-12.1 Tillaga að stefnu KÍ um erlent samstarf óbreytt.
- 6-13.2 Tillaga að stefnu KÍ um stuðning við þróunarstarf.
- 7-1.1 Tillaga um könnun á starfsaðstæðum kennara óbreytt.
- 7-5.1 Tillaga um sérfræðilega ráðgjöf fyrir félagsmenn KÍ óbreytt.
- 7-9.1 Tillaga um ferðastyrk vegna læknisferða utan heimabyggðar.

Umræður.

6-3.1 Tillag um þjónustustefnu KÍ óbreytt.  
Samþykkt samhljóða.

6-4.1 Tillaga um húsnæðismál KÍ.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 44 Þórður Á Hjaltsted benti á að stjórnin óskaði eftir því að þessi heimild væri áfram inni en ekki væri gripið til framkvæmda nema með samþykkt ársfundar. Bendir meðal annars á að aðgengi fyrir fatlaða er ekki samkvæmt landslögum og ekki er hægt að gera úrbætur við núverandi aðstæður. Nauðsynlegt væri að geta brugðist við ef aðstæður væru þannig.

---



Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurðsson varar við að gefa stjórn útfylltan tékka til bygginga og því vill hann vísa þessu máli til næsta þings.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Finnst merkilegt að tillaga sem nefndin vísar frá skuli tekin fyrir.

Þingfulltrúi 139 Þórunn Steindórsdóttir er á móti steypubrjálæði og vill flytja húsið upp á Árbæjarsafn og fá annað hentugra húsnæði í staðinn.

Þingfulltrúi 43 Ólafur Loftsson varar við að KÍ hafi enga leið til að bregðast við ef þær aðstæður kæmu að þeir fengju byggingarleyfi á lóðinni vegna framkvæmda við Landspítalann.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal. Starfsmenn í húsinu eru ekki steypubrjálæðingar en við þurfum að geta brugðist við þegar þurfa þykir og því er nauðsynlegt að hafa þessa heimild inni fyrir stjórn.

Þingfulltrúi 48 Ásdís Óskarsdóttir. Ef húsnæðið er að verða of lítið þá verðum við að reyna að nýta það sem við eigum t.d. húsnæði á Flúðum.

Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson. Á Akureyri er til nóg af húsnæði sem hægt er að nota. Er ekki hægt að losa sig við húsið og fá annað sem hentar betur.

Þingfulltrúi 60 Elín Guðfinna Thorarensen hefur sjálf upplifað að hafa ekki aðgang að húsinu vegna þess að hún var í hjólastól og því vill hún að allir hafi greiðan aðgang að húsinu.

6-4.2  
Fellð.

6-4.1  
Samþykkt með þorra atkvæða.

6-12.1 Tillaga að stefnu KÍ um erlent samstarf óbreytt.  
Samþykkt.

6-13.2 Tillaga að stefnu KÍ um stuðning við þróunarstarf.  
Til máls tók:  
Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson. Hann styður tillöguna.  
Samþykkt.

7-1.1 Tillaga um könnun á starfsaðstæðum kennara óbreytt.  
Samþykkt samhljóða.

7-5.1 Tillaga um sérfræðilega ráðgjöf fyrir félagsmenn KÍ óbreytt.  
Samþykkt.

7-9.2 Tillaga um ferðastyrk vegna læknisferða utan heimabyggðar.  
Til máls tóku:  
Þingfulltrúi 117 Sigfús Aðalsteinsson biður um að hafa báðar tillögur upp á skjánum.

Þingfulltrúi 15 Guðbjörn Björgólfsson vill nota rétt nafn „Tryggingastofnun Ríkisins“.

Þingfulltrúi 7 Anna Soffía Óskarsdóttir segir að fyrri nefnd hafi ekki tiltekið vegalengd og því sé eðlilegra að Sjúkrasjóður semji þær reglur.



Tillaga um að taka út 50 km.  
Samþykkt.

Tillaga með breytingum.  
Samþykkt.

### **Skólamálanefnd - skólastefna**

Þingfulltrúi 200 Hulda Jóhannsdóttir formaður skólamálanefndar/skólastefna leggur fram tillögur nefndarinnar.

5-1.2 Tillaga að skólastefnu KÍ 2011-2014.

Umræður.

Tilmáls tóku:

Þingfulltrúi 41 Valdís Björk Þorsteinsdóttir minnir á að þetta sé stefna KÍ og á við öll aðildarfélagin og því vill hún taka út orðið uppeldisstofnun þar sem það á ekki við um framhaldsskólann.

Þingfulltrúi 18 Guðmundur Þórarinn Tulinius vill að hnykkt sé á að „kennara eru sérfræðingar“, finnst skrítið að það séu hundruð forystumanna á landinu. Vill að starfsfólk taki þátt í mótun skólastefnu.

Þingfulltrúi 139 Þórunn Steindórsdóttir finnst gott að fá skjalið í hendurnar þegar um svo langt skjal er að ræða. Hún fagnar setningunni þar sem foreldrar geta valið milli hverfissskóla og sérskóla.

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson vill benda á mikilvægi náms- og starfsráðgjafa og vill breytingar á textanum í þá átt.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason les upp samþykkt frá síðasta þingi þar sem kanna átti hvað hægt væri að gera til að laða karlmenn til kennaramenntunar og -starfa og vill að hnykkt sé á þessu í skólastefnunni.

Þingfulltrúi 35 Sigrún Fanney Sigmarsdóttir vill breyta þroskahömlun í sérþarfir.

Þingfulltrúi 3Aðalheiður Steingrimsdóttir spyr hvort gert sé ráð fyrir að aðildarfélög geti haft sérkafla í skólastefnunni fyrir hvert skólastig.

Þingfulltrúi 200 Hulda Jóhannsdóttir biður Þórð Hjaltested og Björk að gera grein fyrir þessu varðandi sérkafla fyrir skólastigin. Hugtakið forystumaður þýðir að hver maður þrói sig sem fagmann og stuðla að þróun í skólanum. Skólastefnan á við félagsmenn KÍ og því er eðlileg að félagsmenn komi að lögum og þróun þeirra en ekki aðrir starfsmenn.

Þingfulltrúi 106 Margrét Snæbjörnsdóttir vill taka þjónustustofnun út á bls. 6 og hafa menntastofnun.

Þingfulltrúi 30 Kristján Ari Arason. Á aðalfundi FF fannst mönnum stefnan taka of mikið mið af leik- og grunnskóla, en málefni FF væru ekki inni. Því finnst þeim nauðsynlegt að hafa sérkafla inni fyrir hvert skólastig og því mun FF móta sína eigin stefnu.

Þingfulltrúi 44 Þórður Hjaltested bendir á að starfshópur og skólamálaráð vann sameiginlega að skólastefnu sem er sameiginleg fyrir KÍ og að í 4 málsgrein er gert ráð fyrir að hvert skólastig vinni sér plagg með sérstöðu síns skólastigs sem sérkafla. Það er greinilegt á samþykkt FF að við þurfum að vinna þetta vel á næsta kjörtímabili ef ætlunin er að hafa eina stefnu fyrir KÍ.





Tillaga um að fella uppeldisstefna niður í plagginu.  
Samþykkt með þorra greiddra atkvæða.

Tillaga um að á bls. 6 verði þjónustustofnun felld út.  
Samþykkt.

Tillaga um hvatningu til raungreinafólks að mennta sig sem náms- og starfsráðgjafa.  
Fellt.

Tillaga um að starfsfólk taka virkan þátt í þróun laga.  
Fellð með meirihluta.

Spurning Sigurðar: Ræddi þingnefndin um að hvetja karlmenn til að sækja kennaranám/kennslu.  
Þingfulltrúi 200 Hulda Jóhannsdóttir. Nei, þetta var ekki rætt.

Tillaga um að breyta þroskahamlaður í börn með sérþarfir.  
Samþykkt.

5-1.1 Með áorðnum breytingum.  
Samþykkt.

#### **Skólamálanefnd - ályktanir**

Þingfulltrúi 221 Guðlaug Erla Gunnarsdóttir formaður nefndarinnar leggur fram tillögur nefndarinnar.

- 5-2.1 Tillaga um ályktun um nýja kennaramenntun og kennarstarfið. Samþykkt.
- 5-3.1 Tillaga að ályktun um starfsþjálfun í námi kennara. Samþykkt.
- 5-4.1 Tillaga að ályktun um símenntun. Samþykkt.
- 5-5.1 Tillaga að ályktun um námsorlof og rannsóknir. Samþykkt.
- 5-6.1 Tillaga að ályktun gegn niðurskurði í skólastarfinu. Samþykkt með breytingum.

Umræða.

Þingfulltrúi 3 bendir á eitt atriði í annari málsgrein. Vill að breytingar nefndar verði tekinn út.  
Samþykkt.

5-7.1 Tillaga að ályktun um þátttöku Íslands í erlendum menntarannsóknunum. Samþykkt.

5-8.1 Tillaga að ályktun um þátttöku Íslands í erlendum menntarannsóknunum og eflingu menntarannsóknna hérlendis. Samþykkt.

5-9.2 Tillaga að ályktun um sameiningu skólafánana og fækkun skólastjórnenda.  
Samþykkt.

5-10.1 Tillaga að ályktun um eflingu list- og verkgreina í öllu menntakerfinu. Samþykkt.

Umræða.

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson tekur til máls og lýsir áhyggjum sínum á stöðu verkgreina.

5-11.1 Tillaga að ályktun um samstarf milli skólafánana, íþróttafélaga og tómstundarstarfs til þróunar heilðræns menntafélags. Samþykkt.

5-12.1 Tillaga að ályktun um stofnun þróunarsviðs innan KÍ. Vísað til stjórnar.

Umræða.



Þingfulltrúi 59 Elías Gunnar Þorbjörnsson tekur til máls og leggur til að tillögunni verði vísað til stjórnar KÍ. Samþykkt.

5-13.1 Tillaga að ályktun vegna breytinga á reglugerð inntökuskilyrða sérskóla. Samþykkt óbreytt frá nefnd.

Umræða.

Þingfulltrúi 35 Sigrún Fanney Sigmarasdóttir tekur til máls og vill að notað sé orðið nemendur í stað barns til samræmingar.

Þingfulltrúi 7 Anna Soffía Óskarsdóttir tekur til máls og leggur til að orðinu sérdeild verði bætt til viðbótar sérskóla.

Þingfulltrúi 5 Haukur Már Haraldsson tekur til máls og bendir á að börnin verða ekki nemendur fyrr en þau koma í skóla.

Þingfulltrúi 21 Harpa Jörundardóttir tekur undir með síðasta ræðumanni, en bendir á að hér sé verið að ræða um sérskóla en ekki sérdeildir.

Þingfulltrúi 86 Hreiðar Oddsson vill hafa sérdeildir inni.

Þingfulltrúi 195 Fanney Jónsdóttir bendir á að þessi börn hafa verið nemendur í mörg ár í leikskóla.

Þingfulltrúi 47 Ása Valgerður Sigurðardóttir telur að við verðum að verja sérskólann og því sé mikilvægt að ályktunin fjalli um sérskóla.

1. breytingartilaga um að setja inn orðið nemendur í stað barna. Það er fellt.
2. breytingartilaga um að bæta inn sérdeildum. Það er fellt.

5-14.1 Tillaga að ályktun um stöðu kennara á tímum niðurskurðar. Samþykkt.

Umræða.

Þingfulltrúi 59 Elías Gunnar Þorbjörnsson kvartar undan því hve þingið hefur dregist og landsbyggðamenn þurfa að fara áður en þingi lýkur. Þeir geta því ekki tekið þátt í að fjalla um þau mál sem eftir eru eins og kjaramál.

#### **Launa- og kjaramálanefnd - stefna**

Þingfulltrúi 31 Lilja Ósk Úlfarsdóttir ritari nefndarinnar leggur tillögur fram.

4-1.2 Tillaga að kjarastefnu 2011-2014. Samþykkt.

#### **Launaog kjaramálanefnd - ályktanir**

Þingfulltrúi 111 Páll Erlingsson formaður nefndarinnar leggur fram tillögur nefndarinnar ásamt þingfulltrúa 86 Hreiðari Oddssyni.

4-2.2 Tillaga að ályktun um kjaramál. Samþykkt með breytingum.

Umræða.

Þingfulltrúi 206 Sigrún Grendal bendir á misræmi milli hugtaka. Bendir á að tala um skólagerð en ekki skólastig.

Þingfulltrúi 196 Guðrún Lára Magnúsdóttir bendir á ekki sé rétt að miða skólalok við háskólanám, annað getur verið í boði.



Þingfulltrúi 86 Hreiðar Oddson tekur á sig mistök í hugtakagerð og bendir á að ekki hafi fundist betri lausn en að miða við háskólanám.

Þingfulltrúi 30 Kristján Ari Arason stingur upp á því að sleppa orðinu háskóla. Þingið samþykkir þessa breytingu. Þingið samþykkir að nota hugtakið skólagerð.

Tillaga um að sleppa orðinu háskóli.  
Samþykkt.

Tillaga að skólastig verði skólagerð.  
Samþykkt.

Tillagan með áorðnum breytingum.  
Samþykkt.

4-3.2 Tillaga að ályktanir um stöðu samningamála. Samþykkt með breytingu.

Umræða.

Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur, gerir athugasemd við orðið ósanngjarnt, gerir tillögu um að nota frekar óviðunandi. Þingið samþykkir þessa breytingu.

Breyting Sigurðar samþykkt.  
Tillagan í heild samþykkt.

### **Fjárhagsnefnd**

Þingfulltrúi 234 Þórður Kristjánsson formaður nefndarinnar leggur tillögur fram athugasemda-laust.

2-2.1 Tillaga um gjald í Vinnudeilusjóð. Samþykkt með þorra atkvæða.

Til máls tóku:

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson. Til að geta barist fyrir launum framtíðarinnar þarf maður að hafa einhver vopn í höndunum. Í dag er jafn mörgum nemendum kennt en í mun færri tímum þar sem hóparnir hafa bara stækkað og stækkað. Vill því halda áfram að greiða í sjóðinn.

Þingfulltrúi 20 Gunnlaugur Ástgeirsson. Laun okkar hafa lækkað um 30% á þremur árum. Dreymir einhvern um að vinnuveitendur okkar komi með peningana á silfurfati. Við þurfum að fara í harða baráttu til að ná því sem við höfum misst, hvað þá það sem við viljum. Höldum við að það náist án átaka og verkfalls. Vinnudeilusjóður dugir í 10 vikur en ekki meir. Leggur til breytingatillögu „ekki“ falli út í fyrstu setningu á tímabilinu og verði „þegar í stað“.

Þingfulltrúi 123 Sigurjón Sigurðsson. Þessar aðferðir þessara ágætu baráttumanna eru úreltar og hafa engu skilað. Verkföll hafa ekki bjargað okkur. Harmar það að þessi mikilvægu mál eru síðust á dagskrá og margir farnir og geta því ekki tekið þátt í þessu mikilvæga máli.

Þingfulltrúi 7 Anna Soffía Óskarsdóttir harmar hve Vinnudeilusjóður er lítill og leggur til að framlagið í félagssjóð verði hækkað um 0,5% og hækkunin renni í Vinnudeilusjóð.

Þingfulltrúi 14 Gísli Þór Sigurþórsson. Kjarabaraátta er ekki skyndibiti. Það að ein barátta hafi gengið illa þýðir ekki að menn eigi að pakka árum í land. Þetta er eilífðar barátta og má aldrei sofna á verðinum.



Þingfulltrúi 122 Sigurður Haukur Gíslason ræddi um sömu umræðu síðasta þings, þar sem viðbrögð manna voru þau sömu og núna. Eftir hrun tók stjórn þá ákvörðun að lækka gjaldið. Í þessari tillögu er varnagli fyrir stjórn að hækka gjaldið ef þurfa þykir.

Þingfulltrúi 20 Gunnlaugur Ástgeirsson vill fá útlistanir um það hvernig við getum barist öðruvísi. Það er bábylja að kjarabarátta hafi engu skilað. Kjarabarátta hefur skilað árangri samkvæmt útreikningum hagfræðings.

Tillaga að gjald i Vinnudeilusjóð verði tekið upp þegar í stað. Felld.

Tillagan í heild. Samþykkt.

2-3.1 Tillaga um félagsgjald. Samþykkt með breytingum.

Umræður.

Þingfulltrúi 72 Guðni Sigurður Óskarsson. Sleppa orðinu „leyfa“ úr fyrstu málsgrein. Hann tekur undir það að þingið gæti staðið lengur þannig að landsbyggðamenn gætu setið út þingið.

Tillaga um að sleppa „leyfa“. Samþykkt með 2 mótatkvæðum.

Tillagan í heild. Samþykkt.

Fjárhagsáætlun 2011.

Samþykkt.

### **Eiríkur Jónsson ávarpar þingið**

Talar til Elnu Katrínar fráfarandi varaformanns KÍ og þakkar henni gott samstarf. Lýsir henni sem góðum samstarfsmanni sem er alltaf tilbúin að finna lausnir þegar vandi er á höndum. Hún er snjall samningamaður og hefur barist ötullega fyrir hagsmunum félagsmanna.

Þingforseti bað nýjan formann að slíta þingi.

### **Þórður Árni Hjaltested ávarpar þingið**

Hann þakkaði þingi gott starf. Þakkar fráfarandi forystu gott samstarf og bíður nýja velkomna til starfa. Hann lagði áherslu á að formaður KÍ starfar í þágu allra félagsmanna. Nú er hann málsvari allra félagsmanna í KÍ og hlakkar til að takast á við það verkefni.